

285. fundur stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands haldinn miðvikudaginn 2. október, 2019, kl. 13:00 á skrifstofu SASS að Austurvegi 56, Selfossi.

Mætt voru: Arna Ír Gunnarsdóttir (AÍG), Jón G. Valgeirsson, formaður, (JGV), Anton Kári Halldórsson (AKH), Ingibjörg Kjartansdóttir (IK) og Gísli Halldór Halldórsson (GHH). Þá mættu á fundinn Stefán Gíslason (SG), frá Environice, Bjarni Guðmundsson framkvæmdastjóri SASS og Ingunn Jónsdóttir frá Umhverfis Suðurland.

1. Verkefni vegna stöðu úrgangsmála á Suðurlandi

Stefán Gíslason mætir á fundinn og gerir grein fyrir stöðu mála.

- Staða á móttöku úrgangs í Fíflholtum og Stekkjarvík
Mótttekinn úrgangur er mun minni en hann ætti að vera miðað reynslu síðustu ára. Þessi mismunur hefur ekki verið að fullu útskýrður en gæti stafað af bókhaldi gámafélaganna og verið leiðréttur fyrir árslok. Heildarþörf sveitarfélaga SOS fyrir urðun á árinu 2019 virðist þó vera um 7.800 tonn. Hugsanlegt er að þörf rekstraraðila verði um 2.000 tonn, en erfitt er að slá því föstu enn sem komið er. Óvissa um magn ólögmætrar förgunar einkaaðila bætist hér ofan á og gerir það að verkum að heildarmagn almenns úrgangs gæti verið meira.
- Útflutningur á brennanlegur sorpi til orkuvinnslu
Drög eru tilbúin að VEAT auglýsingu á EES-svæðinu og eru þau í yfirlestri hjá Ríkiskaupum. Í auglýsingunni er gert ráð fyrir 3ja ára samningi við Íslenska Gámafélagið um móttöku og ráðstöfun á brennanlegum úrgangi. Stjórn SOS samþykkir að auglýsingin verði birt í nafni SOS og taki til rammisamnings sem SOS hyggist gera fyrir hönd allra aðildarsveitarfélaga. Þá samþykkir stjórn að veita GHH umboð til að ganga frá auglýsingunni og birtingu hennar fyrir hönd SOS og í samráði við Ríkiskaup.

2. Greining á mögulegum urðunarstöðum/úrgangsmeðhöndlun á Suðurlandi

Stefán Gíslason frá Environice fór yfir greiningu hans og Eflu á mögulegum urðunarstöðum á Suðurlandi í framhaldi af umræðum síðasta stjórnarfundar.

Vinnutillagan er að enginn urðunarstaður verði fyrir almennan úrgang á Suðurlandi. Á Suðurlandi verði 8 staðir með hlutverk í vinnslu og meðhöndlun og þar af 3 staðir til urðunar á óvirkum úrgangi.

Stjórn stefnir að því að greiningin verði kynnt á aðalfundi SOS í lok mánaðarins.

3. Brennsluofn fyrir dýrahæ á Strönd

Fyrir liggur að umhverfismat þurfi vegna brennslu allt að 2.000 tonna. Um er að ræða nokkuð stórt verkefnið fyrir Sorpstöð Rangárvallasýslu en reiknað er með að gjöld muni standa undir þeim kostnaði til viðbótar við annan kostnað við fjárfestingar og rekstur. Stjórn Sorpstöðvar Suðurlands telur ástæðu til að skoða sameiginlega aðkomu SOS og Sorpstöðvar Rangárvallasýslu að þessu verkefni enda um að ræða 80 m.kr.

heildarkostnað við fjárfestingar og skipulagsmál. Stjórn leggur til við næsta aðalfund SOS að SOS taki að sér að fjármagna með láni helming þessa kostnaðar.

4. Magntölur fyrir úrgang á árinu 2018

Lagt fram til kynningar. Tölur eru býsna svipaðar árið 2018 eins og var árin 2016 og 2017.

5. Kirkjuferjuháleiga

Lagt fram til kynningar erindi Umhverfisstofnunar vegna Kirkjuferjuháleigu. Málið er í góðum farvegi.

6. Aðalfundur SOS 25 okt. nk. undirbúningur

Bjarni frá SASS mætir á fundinn ásamt Ingunni Jónsdóttur frá Umhverfis Suðurland. Rætt um tilvonandi aðalfund og nauðsynlegan undirbúning vegna hans, þar á meðal drög að fjárhagsáætlun SOS 2020. Meðal dagskrárliða verður kynning á greiningarvinnu vegna úrgangsméðhöndlunar/urðunar á Suðurlandi og tillaga stjórnar um þátttöku í stækkun hræbrenslu. Einnig var rætt um kynningu Umhverfis Suðurland á SASS þinginu.

7. Fundur með Sorpurðun Vesturlands hf. og Norðurá bs.

Fulltrúar SOS munu eiga fund með SV hf. og Norðurá bs. í Reykjavík næstkomandi föstudag klukkan 12:00. Þessi fundur er samkvæmt samkomulagi aðila um samstarf á árinu 2019. JVG, AKH og GHH munu sitja fundinn en öðrum stjórnarmönnum er velkomið að taka þátt. Stjórn óskar eftir áframhaldandi samstarfi á árinu 2020 meðan verið er að ljúka vinnu SOS við þær lausnir sem nú eru á borðinu.

Stjórn samþykkir að næsti stjórnarfundur verði haldinn þann 23. október næstkomandi kl. 20:00 á Hótel Geysi í aðdraganda SASS þings.

Fundi slitið klukkan 15:15.